

54. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR
22. MARS 2023

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2023

AÐALFUNDUR SSV 2023 HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ

Miðvikudagurinn 22. mars 2023

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningur SSV og skýrsla endurskoðanda
3. Fjárhagsáætlun 2023 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2022
4. Starfsáætlun 2023 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2022
5. Kosning stjórnar og varastjórnar – ekki kosið í stjórn á þessum fundi
6. Kosning í nefndir sem starfa milli aðalfunda – ekki kosið í nefndir að þessu sinni
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin

FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2023

AKRANESKAUPSTAÐUR

Ragnheiður Helgadóttir varabæjarfulltrúi
Ragnar B. Sæmundsson bæjarfulltrúi
Valgarður L. Jónsson bæjarfulltrúi
Einar Brandsson bæjarfulltrúi
Liv Aase Skarstad bæjarfulltrúi
Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

Sigrún Ólafsdóttir sveitarst.fulltrúi
Eva Margrét Jónud. sveitarst.fulltrúi
Bjarney Bjarnadóttir sveitarst.fulltrúi
Brynja Þorsteinsdóttir sveitarst.fulltrúi
Sigurður Guðmundsson stjórn SSV
Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarst.fulltrúi
Ingibjörg Þórunn Steinud sveitarst.fulltrúi

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Herdís Þórðardóttir sveitarst.fulltrúi

GRUNDARFJARÐARBÆR

Ágústa Einarsdóttir bæjarfulltrúi
Jósef Ó. Kjartansson bæjarfulltrúi
Garðar Svansson bæjarfulltrúi
Björg Ágústsdóttir Bæjarstjóri

HVALFJARÐARSVEIT

Andrea Ýr Arnarsdóttir sveitarst.fulltrúi
Birkir Snær Guðlaugsson sveitarst.fulltrúi
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Jón Eiríkur Einarsson sveitarst.fulltrúi

SNÆFELLSBÆR

Auður Kjartansdóttir bæjarfulltrúi
Michael Gluszek bæjarfulltrúi
Júníana Björg Óttarsdóttir bæjarfulltrúi
Fríða Sveinsdóttir bæjarfulltrúi
Kristinn Jónasson bæjarstjóri

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi
Steinunn I. Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STARFSMENN SSV

Helga Guðjónsdóttir
Hrafnhildur Tryggvadóttir
Hrefna Bryndís Jónsdóttir
Linda Guðmundsdóttir
Margrét Björk Björnsdóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Páll S. Brynjarsson
Sigursteinn Sigurðsson
Svala Svavarsdóttir
Sædís Björk Þórðardóttir
Vífill Karlsson

FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

Starfsendurhæfing Vesturlands
Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Heilbrigðisnefnd Vesturlands
Sorpurðun Vesturlands

FUNDARSETNING

Páll S. Brynjarsson framkvæmdarstjóri SSV setti fundinn í forföllum Guðveigar Eyglóardóttur formanns og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann lagði til að Stefán Broddi Guðjónsson yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri tók við fundarstjórn. Fundarstjóri lagði fram tillögu um aðra embættismenn fundarins.

Fundarstjóri: Stefán Broddi Guðjónsson

Fundarritari: Svala Svavarsdóttir

Kjörbréfanefnd: Linda Björk Pálsdóttir, Garðar Svansson og Sigursteinn Sigurðsson

Tillaga um starfsmenn fundarins - **Samþykkt samhljóða**

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Fundarstjóri gaf Páli S. Brynjarssyni framkvæmdarstjóra SSV orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Í upphafi fór Páll yfir helstu breytingar sem höfðu orðið á vettvangi sveitarstjórnarmála á árinu 2022. Þar stóð hæst sameining Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar, sveitarstjórnarkosningar og mikil fjölgun íbúa, sem sennilega er einhver sú mesta sem orðið hefur á Vesturlandi eða ríflega 500 íbúar.

Hann fór yfir það lagaumhverfi sem SSV starfar í og þau verkefni sem samtökunum eru með lögum falin og hver eru helstu markmiðin í samþykktum SSV.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 16. mars 2022. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Á aðalfund SSV mættu 42 fulltrúar og gestir.

Haustþing SSV 2022 fór fram í Stykkishólmi 21.-22. september. Alls sátu þingið um 50 fulltrúar og gestir. Í sameiginlegum kvöldverði voru fulltrúar sem setið hafa í 16 ár eða lengur í sveitarstjórnnum á Vesturlandi heiðraðir. Þema þingsins voru samskipti ríkis og sveitarfélaga. Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV, Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri í Húnaþingi vestra og Haraldur Benediktsson þingmaður tóku þátt í pallborðsumræðu um málefnið.

Þá fór Páll yfir starfsemi SSV á árinu og kynnti skipurit, stjórnarliða og starfsfólk. Í árslok 2022 voru 14 starfsmenn hjá SSV í samtals 11 stöðugildum.

Páll fór yfir samstarfsverkefni og hagsmunagæslu en eitt af markmiðum SSV er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga.

Þarna voru ýmis málefni til umræðu. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendir frá sér umsagnir um nokkur mál. Þá var fundað með nefndum alþingis, ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum um ákveðin málefni.

Þá sagði Páll frá margvíslegum störfum hvers sviðs innan SSV en það eru Atvinnu- og byggðaþróunarsvið, Menningar- og velferðarsvið og Áfangastaða- og markaðssvið en ásamt þeim er stoðsvið sem vinnur þvert á sviðin þrjú. Þar kom fram að verkefni tengd Sóknaráætlun Vesturlands eru orðin mjög stór þáttur í starfinu, bæði umsjón með uppbyggingarsjóði sem og framkvæmd áhersluverkefna.

Í byggðaáætlun er 44 skilgreindar aðgerðir og eru landshlutasamtökin með framkvæmd á 10 verkefnum og samstarfsaðili í 20 verkefnum. SSV vann á árinu 2022 að fjórum verkefnum sem voru styrkt úr byggðaáætlun Verkefnið um stofnun Nýsköpunarnets Vesturlands (NýVest) fékk styrk að upphæð 19 m.kr. fyrir árin 2021 og 2022. Verkefnið um náttúrvernd og byggðaðróun við Breiðafjörð sem unnið er í samstarfi við Vestfjarðastofu fékk 12 m.kr. Verkefnið um samþættingu almenningsamgangna á Snæfellsnesi fékk 2 m.kr. til að búa til leiðarkerfi og tilraunaverkefni í almenningsamgöngum í Borgarfirði fékk 12 m.kr.

Að lokum sagði Páll frá verkefninu DalaAuði en Dalabyggð var tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir snemma árs 2022 en það er samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og SSV.

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársskýrslu og lagði til að opnað verði fyrir umræður um ársskýrslu eftir að búið er að fara yfir ársreikninginn.

Fundarstjóri bað fulltrúa úr kjörbréfanefnd að gera grein fyrir störfum hennar. Linda Björk Pálsdóttir kom upp og fór yfir störf kjörbréfanefndar.

Fundarstjóri sagði fund löglegan og þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

2. ÁRSREIKNINGUR SSV

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikning SSV

Rekstrarreikningur

▪ Tekjur	kr. 194.528.866
▪ Gjöld	kr. 194.918.474
▪ Vaxtatekjur	kr. 850.663
▪ Rekstrarniðurstaða	kr. 461.055

▪ Efnahagsreikningur

- Eignir kr. 232.497.840 (Fasteign, bifreiðar, búnaður, kröfur og handbært fé)
- Skuldir kr. 141.983.902 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir, langtímaskuld)
- Eiginfjárreikningur kr. 90.513.938

- Sjóðstreymi
 - Veltufé kr. 2.134.445
 - Handbært fé kr. 154.261.700

Þá fór Páll yfir rekstur Sóknaráætlunar 2022

- Sóknaráætlun 2022
 - Framlög frá ríki og sveitarfélögum samtals **kr. 113.495.124**
 - Hefðbundin framlög frá ríki kr. 100.483.840
 - Framlag sveitarfélaga kr. 12.764.250
 - Vaxtatekjur kr. 247.034
 - Notað árið 2022 **kr. 102.046.196**
 - Uppbyggingarsjóður kr. 64.820.000
 - Áhersluverkefni kr. 31.351.196
 - Umsjón kr. 12.000.000
 - Niðurfelldir styrkir kr. 6.125.000
- Efnahagsreikningur, áhrif sóknaráætlunar
 - Eignir, óinnheimtar tekjur v. Sóknaráætlunar kr. 29.496.340
 - Skammtímaskuldir, ógreiddir styrkir kr. 38.637.500
 - Skammtímaskuldir, ógreiddur kostnaður kr. 0
 - Ógreidd framlög vegna áhersluverkefna kr. 75.728.826

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning.

Þá opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir um ársskýrslu og ársreikning.

Til máls tóku: Sævar Freyr Þráinsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Einar Brandsson og Páll S. Brynjarsson.

Það sem kom fram í máli fundargesta:

-Umræða varð um miklar gjaldskrárhækkanir í landsbyggðarstrætó sem koma mjög illa við íbúa á Akranesi til að mynda og hversu óeðlilegar þær væru með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar. Þá var nefnt að SSV gæti unni að því að fá ferju milli Akraness og Reykjavíkur. Þessari umræðu tengdust fyrirhugaðar breytingar á olfugjaldi og skattlagningu á akstri. Þar var m.a. komið inn hugmyndir FÍB um gjaldtöku á ekna kílómetra.

-Spurt var um áhersluverkefnið Aðlaðandi Vesturlandi og hvernig eigi á að vinna úr verkfærakistunni sem verkefnið færir. Mikilvægt að taka verkefnið alla leið.

-Þá var rætt um atvinnu- og nýsköpunarstyrki úr Uppbyggingarsjóði. Umræða um að ár hvert eru tæplega 30 milljónir veittar í styrki til atvinnu- og nýsköpunar og hve mikilvægt sé að það sé

gerð könnun á því hverju þetta er að skila. Auglýsa betur virðið og vekja athygli á þessu fyrir þá sem eru að fara af stað. Mikilvægt að vita hvað styrkirnir eru að skila inn í samfélögin.

-Loks varð umræða um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þær tillögur endurskoðunarnefndar sem eru komnar inn í samráðsgátt stjórnvalda. Ef sú tillaga sem liggur fyrir verður niðurstaðan yrðu það hamfarir fyrir sveitarfélag eins og Akranes. Útfærslan tekur á engan hátt tillit til að Akranes er með hæsta launahlutfall sem finnst hjá sveitarfélögum. Vesturland fer halloka ef þetta verður að veruleika, því það eru fleiri sveitarfélög sem verða fyrir tekjumissi ef tillagan nær fram að ganga. SSV þarf að beita sér af hörku í þessu máli, komin tími til að ræða hvernig dreifing fjármagns er svo þessi landshluti fari að fá réttlátan hlut. Mikilvægt er að fara í greiningu til að átta sig á þessari niðurstöðu og kalla til fundar.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar SSV 2022 – **Samþykkt samhljóða**
Ársreikningur SSV 2022 – **Samþykkt samhljóða**

3. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023

Var samþykkt á Haustþingi 2022.

4. STARFSÁÆTLUN 2023

Var samþykkt á Haustþingi 2022.

5. KOSNING STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

Samkvæmt lögum SSV skal kosning stjórnar og varastjórnar fara fram annað hvert ár. Kosið var í stjórn á auka aðalfundi sumar 2022.

6. KOSNING Í NEFNDIR SEM STARFA Á MILLI AÐALFUNDA

Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni.

7. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

Fundarstjóri bar upp tillögu um að laun stjórnar og nefnda yrði óbreytt frá fyrra ári en hún hljómar þá svona:

Laun stjórnar

- Mánaðarlaun formanns 8% af þingfararkaupi
- Laun formanns fyrir að stjórna fundi 4,5% af þingfararkaupi
- Laun stjórnarmanna 4,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók í samræmi við reglur RSK

Laun nefnda

- Laun formanns nefndar 4,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Laun nefndarmanna 2,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund
- Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók í samræmi við reglur RSK

Fundarstjóri bar upp tillögu um laun stjórnar og nefnda

Samþykkt samhljóða

8. KOSNING ENDURSKOÐENDA

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2023.

Samþykkt samhljóða

9. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

Til máls tóku: Björg Ágústsdóttir, Sævar Freyr Þráinsson, Kristinn Jónasson, Jakob B. Jakobsson og Páll S. Brynjarsson.

-Rætt um hlutverk Byggðastofnunar og kom fram sú skoðun að sum verkefni Byggðastofnunar ætti að fara undir landshlutasamtökin. Mjög mikið fjármagn að fara í yfirbyggingu. Mörg verkefni eiga miklu frekar heima hjá hverjum landshluta fyrir sig. Spurt hvort verkefni Byggðastofnunar hafi eitthvað komið til tals á vettvangi landshlutasamtakanna. Fram kom að gott samstarf hefur verið við Byggðastofnun og verkefnum verið skipt í einhverjum tilfellum milli landshlutasamtaka og Byggðastofnunar en að sjálfsögðu sé eðlilegt sé að ræða stöðu og verkefni Byggðastofnunar.

-Stýrivaxtahækkunar ræddar. Vaxtahækkunar hafa gríðarleg áhrif á rekstur sveitarfélaga. Þó svo að greiðslur úr jöfnunarsjóði hafi hækkað þá vega þær lítið samanborið við vaxtahækkanirnar. Þetta mun hafa mikil áhrif, sérstaklega á rekstur smærri sveitarfélaga. Lítil sveitarfélög eru lengur að ná sér eftir áföll, bæði eftir covid og nú vaxtahækkanir.

-Jöfnunarsjóðgreiðslur ræddar og þær tillögur sem starfshópurinn um breytingar á úthlutunarreglum sjóðins hefur lagt fram. Fram kom að tillögurnar séu í samráðgáttinni þessa dagana og hvatt til þess að öll sveitarfélögin á Vesturlandi skoðuðu vel áhrifin af þeim og komi með ábendingar. Einhver sveitarfélög eru að fá allt of lítið og önnur alltof mikið og verkefnið gríðarlega flókið. Tillagan frá starfshópnum er ekki endanleg, hvatt til að allir lesi skýrsluna vel og bendi á í gegnum samráðsgáttina hvar sé vitlaust gefið. Þá kom fram vilji til að fá aðgang að

excel skjalinu þar sem þetta er allt reiknað út. Þá fyrst er hægt að tala um gagnsæi því ekki hefur verið hægt að fá svör við einföldum fyrirspurnum sem eykur ekki trú á ferlið.

-Málefni heilbrigðisstofnunar Vesturlands rædd. Fram kom að oft hafi staðan verið slæm en nú er komið í óefni og að og úrræðaleyfi stjórnenda sé algjört. Mikilvægt að sveitarfélögin séu samtaka í að stíga upp og aðstoði HVE við að finna lausnir á því hvernig hægt sé að koma stofnuninni á réttan kjöl. Sveitarfélögin eru ekki með þennan málaflokk en þau verða að hjálpa yfirstjórn HVE að ná áttum því staðan er alltaf að versna.

-Bent var á að breyta þarf lögum SSV í samræmi við sveitarfélagaskipan en sveitarfélögum fækkað úr 10 í 9 á árinu 2022 þar sem tvö sveitarfélög sameinuðust. Tillaga að starfsmönnum SSV verði falið að gera tillögu að breytingu og bera upp á næsta aðalfundi.

Samþykkt samhljóða

-Sævari Frey Þráinssyni var þakkað innilega fyrir gott samstarf og góð kynni en hann lætur af störfum sem bæjarstjóri á Akranesi þann 31. mars n.k. Sævar þakkaði sérstaklega fyrir gott samstarf og sagðist myndi sakna margs þar sem hann hefur eignast marga vini og vinkonur í störfum sínum á sveitarstjórnnavettvangnum.

Stefán Broddi fundarstjóri þakkaði fyrir sig og góðan fund.

Páll kom upp og þakkaði Stefáni Brodda fyrir góða og skelegga fundarstjórn og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og óskaði öllum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 15:33.